# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 68

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Mótt. 1/4 '11
Nr. 7

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar.—

Ár 1910 þ. 1. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Komu þá fyrir þessi mál:

1. Lárusi Lúðvígssyni skósm. leyft að byggja geymsluskúr vestur úr bakhlið húss síns Þingholtsstr. 2 með eldvarnarveggjum á norður og vesturhlið, stærð 7 1/4° x ; ~~stærð 7 1/4° x~~ 6 1/4° + 4 1/2°

2. Frú Jakobínu I. Thorgrímsen leyft að stækka og breyta skúr vestan við íbúðarhús hennar Laugavegi 14 um 11° x 3° + 3° x 4°, og setja nýjan glugga á bakhlið íbúðarhússins.—

3. Samúel Jónssyni, trjesm. leyfð sú breyting á byggingarleyfi því er honum var veitt 28. jan. þ.á., að hið nýja hús verði byggt vestur á lóð hans, við bakstíg, sem hann ætlar að leggja þar, og skal eins og þar er sagt akfær vegur gjörður að húsinu áður en byrjað verður á byggingu þess.

4. Sama manni leyft að byggja inngönguskúr og geymsluskúr við íbúðarhúsið nr. 33 við Skólavörðustíg, 3 1/4 x 3 1/4 og 14° x 15° respective.

5. Sama leyft að setja eina hæð ofan á þann hlutta húss síns, Skólav. stíg 35, sem liggur meðfram Kárastíg.—

6. Þorleifi Guðmundssyni leyft að flytja salerni, er stendur úti á lóð hans Laugav. 27, uppað bakhlið íbúðarhússins.—

7. Beiðni Steingríms smiðsara Guðmundssonar um að fá breytt smiðahúsi sínu á lóð hans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við Amtmannsstíg í íbúðarhús, vísað til bæjarverkfræðingsins vegna vantandi uppdráttar yfir lóðina.-

8. Erindi Chr. Nielsen um breytingu á húsinu Nr. 10 við Kirkjustræti frestað vegna vantandi uppdráttar.-

9. Leyfi til Jóns Laxdals á fundi 29. okt. f. á. um byggingu á skúr með flötu þaki, 25° x 10° á lóð hans við Nýlendugötu endurnýjast, og leggur byggingarnefndin með því að honum verði veitt undanþága frá byggingu eldvarnarveggja við skúrinn á mörkum gegnt Slippslóðinni, þar sem eigendur hennar hafa tjáð sig samþykka slíkri undanþágu með þeim skilyrðum, sem á greindum fundi voru áskildir af byggingarnefnd.-

10. Byggingarnefndin telur rjett eptir atvikum, að fara nú inn lóðirnar 8A og B og 12 vestan með Suðurgötu, svo að þar nái jafnt fram að götunni og lóðirnar þar fyrir norðan, og leggur til að eigendunum verði endurgoldinn lóðarmissirinn með 1 kr. fyrir hverja feralin.-

Á fundinum komu eigi Rögnv. Ólafsson og Guðm. Olsen.-

Fundi slitið

Páll Einarsson    Jón Jensson

K. Zimsen    Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 24 Marts 1911.

Bygningskommissionen for Reykjavik Kjøbstad.

Undertegnede Kjøbmand Chr. Nielsen, der har lejet Ejendommen Austerstræti 10 af Frú M. Zoëga, tillader sig herved ærb. at anmode den ærede Kommission, om Tilladelse til i Forsiden mod Gaden i ovennævnte Ejendom, at maatte indsætte 1 Dør og 1 Vindue paa samme Sted hvor der nú sidder 2 gamle Vinduer. —
Ejerindens Tilladelse vedlægges. —
I Haab om, at denne Tilladelse vil blive mig givet, tillader jeg mig at forvente Kommissionens ærede Svar. —

Ærbødigst
Chr. Fr. Nielsen

B. Rvk. 21/6 1911 B.J.F.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M. Zoëga,
Proprietress.
Telephone: 170.
Telegrams: Hotel.

*Hotel Reykjavik,*
*Iceland.*

Reykjavik 24. mars 1911

Jeg undirskrifuð gef það hjermeð til leyfis – sem eigandi nr. 10 í Austurstræti að leigjandi hússins hr. kaupm. Chr. Fr. Nielsen gjöri fyrir sinn kostnað þær breytingar um glugga M.J. og fyr á húsinu sem hann vill og kann að fá leyfi til hjá byggingarnefnd bæjarins. –

M. Zoëga.

B. Rvk 21/6 [illegible] B.J. Z.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leifi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu

biggingarnefnd Reikjavikur að hún leifi mjer að flitja salerni sem stendur út á lóðinni, að húsinu eins og meðfilgandi uppdráttur ~~s~~ sinir.

Reikjavik 30. marts 1911.

Virðingarfillst

[signature]

Til biggingarnefndar Reikjavikur.

B. Rvk. 214/1911 BT. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður leyfi mér hérmeð að leita samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur til þess:

1º að eg megi byggja hús það, sem eg hefi þegar nýlega fengið leyfi fyrir að byggja, á öðrum stað á lóð minni samkv. uppdrætti.

2º að eg megi byggja geymslu- og inngangs-skúr við hús mitt nr.: 33 við Skólavörðustig, eptir medfylgjandi uppdrætti.

3º að eg megi byggja eina hæð ofan á þann hluta húss míns nr.: 35 á Skólavörðustig, sem liggur fram með Kárastig, og nú er aðeins uppá eina hæð, svo sem með lagður uppdráttur sýnir. – Þess skal getið að eg hafði hugsað mér þessa hækkun á húspartinum, er eg byggði hann, og hafði því máttarviði hanns nægilega gilda, samkvæmt byggingarsamþykkt bæjarins.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 31. Marts 1911

Samúel Jónsson trésmiður

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rek. 213/1911 Bj. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1. apríl 1911.

Með brjefi dags. 27. okt. s.l. fór jeg fram á, við hina háttvirtu bæjarstjórn, að mjer yrði veitt leyfi til að byggja skúr, að stærð: 25 x 10 ál. á lóð, er jeg nú hefi keypt af herra Bjarna Pjeturssyni blikksmið og liggur við Nýlendugötu. Fór jeg einnig fram á, að mjer yrði veitt undanþága frá byggingarsamþyktinni um að byggja eldvarnarhlið á skúrinn ef hún yrði sett á takmörk lóðarinnar og lóðar Slippfjelagsins og fylgdi brjefi mínu yfirlýsing stjórnar Slippfjelagsins um að hún gæfi þetta eptir fyrir sitt leyti. –

Nú með því að hátt. borgarstjóri hefur skýrt mjer frá, að tvær tillögur sem komið hafðu fram um málið á bæjarstjórnarfundi þeim, sem málið var rætt í, önnur um að veita undanþáguna en hin um að veita hana ekki, hafi báðar fallið og þannig ekkert afgjört um málið, vil jeg leyfa mjer á ný, að snúa mjer til hinnar hátt. bæjarstjórnar með sömu beiðni og skal í tilefni af því taka fram, að aðalástæðan til þess að jeg fer fram á þetta er sú, að af því tilgangurinn minn er að nota skúrinn til að geyma í honum þurran saltfisk, þá er áríðandi að hún sje alveg rakalaus, en eins og kunnugt er, er raki í flestum eða öllum húsum, sem byggð eru úr steinsteypu

B. Rvk. 21/2 1911 B. J. F.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og getur því slíkur steinveggur valdið óþægindum og kostnaði fyrir mjer.

Vona jeg að hátt. bæjarstjórn verði við þessari ósk minni og það því fremur, sem slík undanþága-num ávallt og undir öllum kringumstæðum hafa verið veitt <u>öðrum</u> þegar um hefur verið beðið. –

Virðingarfyllst

Jón Laxdal

Til Bæjarstjórnar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/3

Jeg undiritaður eigandi lóðarinnar nr. 8A við Suðurgötu hefi í hyggju að lagfæra girðinguna meðfram götunni nú í næsta mánuði, en þarsem lóðin nær dálítið lengra fram í götuna, en lóðirnar næst fyrir norðan, leyfi jeg mjer að spyrja háttvirta bæjarstjórn, hvort hún muni heimta, að jeg færi girðinguna inn í línu við girðingarnar meðfram þessum lóðum.

Vænti jeg að fá svar hið fyrsta, og heimti bæjarstjórnin að jeg færi inn girðinguna, vonast jeg eftir að fá sama endurgjald fyrir lóðarmissirinn og lóðareigendurnir næst fyrir norðan fengu, sem sje eina krónu fyrir hverja feralin.

Reykjavík 30. marts 1911.

Virðingarfyllst

Jóhann Þorkelsson

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

B. Rvk. 21/9 11 B. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31/3

Jeg undiritaður eigandi lóðarinnar nr. 8B við Suðurgötu hefi í hyggju að lagfæra girðinguna meðfram götunni nú í næsta mánuði, en þarsem lóðin nær dálítið lengra fram í götuna, en lóðirnar næst fyrir norðan, leyfi jeg mjer að spyrja háttvirta bæjarstjórn, hvort hún muni heimta, að jeg færi girðinguna inn í línu við girðingarnar meðfram þessum lóðum.

Vænti jeg að fá svar hið fyrsta, og heimti bæjarstjórnin að jeg færi inn girðinguna, vonast jeg eftir að fá sama endurgjald fyrir lóðarmissirinn og lóðareigendurnir næst fyrir norðan fengu, sem sje eina krónu fyrir hverja feralin.

Reykjavík 30. marts 1911.

Virðingarfyllst

K. Zimsen.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

B. [illegible] 210/1911 B.J.Z.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi ég mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu Byggingarnefnd. að hún vildi leyfa mjer að breikka og stækka Skúr. niðanvið íbúðarhús mitt við Laugaveg 14. eins og meðlagður uppdráttur sínir og flytja glugga á íbúðarhúsinu.

Laugaveg 14 Rvík 31 marz 1911

Jakobína A. Thorgrimsen

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar

B. Rvk. 209/1911 By. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Lárus G. Lúðvígsson

Skóverzlun.

Stofnsett 1877.

Talsími Nr. 82.
Pósthólf A. 31.

Reykjavík 24 marz 1911
Ísland.

Hjermeð leifi jeg mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd, að gjöra svo vel og veita mjer leyfi til að byggja geimsluskúr á bak við hús mitt í Þingholtsstr. 2. Skúrinn á að vera með eldtraustum gafli, og hlið. Stærð skúrsins er, lengd 7¼ al. breidd 6¼ al + 4½ al í mjórri endann, samkv. hjálögðum uppdratti.

Virðingarfyllst
Lárus G. Lúðvígsson

B. Rvk. 208/1911 B. I-7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur